

Alþingi
Atvinnuveganefnd
nefnasvid@altingi.is

Ísafirði 10. mars 2022

Umsögn; frumvarp til laga frá matvælaráðherra, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja) 349. mál.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur að efni frumvarpsins sé mikilvægt með vísan til stefnu stjórnvalda um sjálfbærni nytjastofna. Hér eru til umfjöllunar litlir veiðistofnar sem hafa að hluta verið í veiðistjórn en á undanförunum árum hefur veiði verið umfram ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar.

Á 151. löggjafarþingi var lagt fram sambærilegt frumvarp um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja), 419. mál. Breytingar á veiðistjórn grásleppu er ekki til umfjöllunar í þessu þingmáli 349. mál og fellur það að umsögn Fjórðungssambandsins frá síðasta ári um að gefa aukin tíma til víðtæks samráðs um stjórnun þessara nytjastofna.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur því tilefni vekja athygli atvinnuveganefndar Alþingis á ályktun 66. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustþing 2021, þar sem segir;

Ályktun um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna

Ályktun um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna 66. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra að stofna til starfshóps með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Vinna starfshópsins verði móta stefnu um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna (þang, þari, grásleppa) á grundvelli greiningar á áhrifum af hagkvæmri nýtingu svæðisbundinna nytjastofna á byggðarlög, lífríki og vistkerfi. Ný frumvörp verði lögð fram sem samþætti markmið um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna og markmið um eflingu byggðarlaga sem tengd eru nýtingu þeirra.

Í greinargerð með ályktunni segir síðan;

Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er stuðla að sjálfbærni og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustar atvinnu og byggðar í landinu. Framkvæmd laganna gagnvart helstu nytjastofnum verði sú að hagkvæm nýting nytjastofns leiði til öflugar byggðar um land allt án sértækrar staðsetningar.

Sérstaða við nýtingu sjávargróðurs og grásleppu umfram aðra nytjastofna sem falla undir lög um fiskveiðistjórnun, er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi nýtingin er fyrir vöxt og viðgang einstakra byggðarlaga. Staða samfélaga á Vestfjörðum sem nýta þessar auðlindir er einnig viðkvæm með tilliti til íbúapróunar og efnahagslegrar stöðu. Þeim til stuðnings hafa stjórnvöld og Alþingi sett markmið m.a. í Byggðaáætlun um jákvæða byggðþróun um land allt. Forðast verður þá stöðu að breyting á lögum um fiskveiðistjórnun vinni gegn settum markmiðum í byggðamálum og auki óöryggi um framtíð samfélaganna. Þess í stað ætti að vinna að samþættingu markmiða laga um fiskveiðistjórnun og markmiða í byggðamálum. Fjórðungsþing Vestfirðinga telur það því réttmæta kröfu, að sjónarmið er varða hagsmuni þessara samfélaga verði tekin til umfjöllunar við breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun. Einnig telur Fjórðungsþing Vestfirðinga að málefnið skarist við skipulagsáætlanir sveitarfélaga og áætlanir stjórnvalda s.s. Landskipulagsstefnu og efla verði rannsóknir á lífríki, vistkerfum og tengsl samfélaga og auðlindanýtingar. Er það krafa Fjórðungsþings Vestfirðinga að stofnaður verði starfshópur með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslu. Hlutverk starfshópsins verði að greina áhrif nýtingar á efnahag, samfélög, lífríki og vistkerfi og setningu markmiða sem styðja við framþróun samfélaga og tryggi sjálfbærni nytjastofna.

Beint er til atvinnuveganefndar að skoða mikilvægi heildarumfjöllunar um þá nytjastofna sem hér eru til umfjöllunar, sandkola og sæbjúgu, þó hér sé lögð áhersla á grásleppu, þang og þara sem og fleiri smáa nytjastofna. Í því sambandi er áhugaverð umræða sem Matvælaráðherra hefur nú hafið með kynningu á áherslum og verklagi við stefnumótun á sviði matvæla (mál í Samráðsgátt S49/2022).

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga áskilur sér rétt að veita umsögn um málið á seinni stigum.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri